

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella

Ársfundur 2024 v. 2023

Fundargerð

Fundarstaður : Stracta Hótel, Hellu.

Fundartími : Þriðjudagur 14. maí 2024, kl. 20:00.

Heimir Hafsteinsson, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn formlega. Bar upp tillögu þess efnis að hann sjálfur, tæki að sér að stjórna fundinum og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Mætt: Heimir Hafsteinsson formaður stjórnar, Guðmundur Svavarsson stjórnarmaður, Margrét Jóna Ísólfsdóttir stjórnarmaður, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir stjórnarmaður, Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Guðrún Elín Pálsdóttir, Ástþór Jón Ragnheiðarson, Árni Þorgilsson, Jóhann Óskar Haraldsson endurskoðandi, Jón H. Sigurðsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Hilmar Harðarson, Hjörleifur Arnar Waagfjörð og Unnur Elín Jónsdóttir.

Arnar Sigurmundsson tók þátt í fundinum í gegnum Teams.

Gengið til dagskrár. Heimir Hafsteinsson stýrði fundi.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar.

Lífeyrissjóður Rangæinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs.

Frá miðju ári 2017 hefur verið í gildi heimild til launþega á samningssviði ASÍ og SA um að ráðstafa hluta af iðgjaldi í lífeyrissjóð til öflunar réttinda í séreign, hefur hún verið nefnd tilgreind séreign til aðgreiningar frá annarri séreign. Sjóðurinn er með samstarfsamning við Frjálsa lífeyrissjóðinn um að vista og þjónusta þá sjóðfélaga sem kjósa að ráðstafa hluta iðgjaldsins í tilgreinda séreign. Sjóðfélögum er þó heimilt að vista séreignina þar sem þeir kjósa.

Hrein eign sjóðsins í árslok 2023 nam rúmlega 20,4 milljörðum kr. og hækkaði frá fyrra ári um rúma 2 milljarða kr. eða um 11,1%. Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2023 var 12.593. Alls greiddu að meðaltali 1.316 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu, sem er fjölgun á milli ára um 164 eða 14,2%. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 899 árinu en voru 874 árið 2022. Iðgjöld á árinu 2023 hækkuðu um 19,6% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins hækkuðu um 16,8% frá fyrra ári. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2023 var -1,21% samanborið við -14,45% raunávöxtun á árinu á undan og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt nema nú 32,4% af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haldið sig við áður markaða stefnu að auka vægi erlendra eigna í eignasafni sjóðsins, með jöfnum

skrefum. Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2023. Athugasemdir komu fram nú við úttektina og er unnið að úrbótum samkvæmt tímasettri áætlun þar um.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2023 liggur fyrir. Miðað er við sömu grunnforsendur og á árinu á undan. Ljóst er að hækkandi lífaldur sjóðfélaga hefur í för með sér að greiða þarf lífeyri í lengri tíma en áður var gert ráð fyrir, lífeyrisskuldbinding er því vaxandi. Niðurstaða úttektarinnar er að skuldbindingar sjóðsins eru hærri en heildareignir sem nemur 4,5%, staðan er mjög svipuð á milli ára.

Árið 2023 var almennt ekki mjög hagstætt þegar horft er til ávöxtunar eigna, þó má segja að árangurinn nú hafi verið mun betri en árið 2022, sem var bara mjög slæmt og versta ár í sögu sjóðsins hvað varðar ávöxtun. Þeir eignaflokkar sem skiluðu jákvæðri ávöxtun nú voru innlend skuldabréf og erlend hlutabréf. Það sem er jákvætt á liðnu rekstrarári og reyndar nú um langt skeið er fjölgun sjóðfélaga og aukning iðgjalda, sem ber þess merki að mikill vöxtur og gróska er á vinnumarkaði hér á félagssvæði sjóðsins. Það er því ástæða til bjartsýni hvað það varðar. Almenn starfsemi sjóðsins hefur gengið vel. Stjórnin fundaði alls 12 sinnum á árinu og fulltrúaráð sjóðsins 2 sinnum. Þjónusta við viðskiptavinum sjóðsins hefur gengið vel á tímabilinu og verið með hefðbundnu sniði.

2. Kynning og afgangsla ársreiknings

Próstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram ársreikning ársins 2023 og Jóhann Óskar Haraldsson frá Deloitte kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður eru í þús. Kr. :

Iðgjöld	1.282.551
Lífeyrir	492.474
Hreinar fjárfestingartekjur	1.329.057
Rekstrarkostnaður	73.311
Breyting á hreinni eign á árinu	2.045.823
Hrein eign frá fyrra ári	18.355.976
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	20.401.799

Jóhann Óskar Haraldsson kynnti skýrslu endurskoðanda, hrein raunávöxtun hækkar á milli ára og er um -1,21% á árinu 2023 samanborið við -14,45% árið áður. Skýrist þetta fyrst og fremst af hærri ávöxtun á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum á árinu. Hækkun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris á árinu er 2.046 millj. kr. og í árslok 2023 er hrein eign til greiðslu lífeyris 20.402 millj. kr. Raunhækkun hreinnar eignar á árinu er 3,14% og hækkar milli ára um 11,1% sem skýrist að mestu af betri ávöxtun fjárfestinga á árinu.

Iðgjaldaliðir hækkuðu um 209,8 milljónir kr. eða um 19,6% milli ára. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 1.316 og fjölgaði um 164 eða 14,2% sem hefur áhrif á hækkun iðgjaldaliða. Einnig hefur áhrif að launavísitala hækkaði á milli ára. Lífeyrir og tengdir liðir hækka um 70,8 milljónir kr. eða um 16,8% milli ára. Meðalfjöldi virkra

Lífeyrisþega var 899 á árinu 2023 samanborið við 874 lífeyrisþega á árinu 2022, sem er 2,9% fjölgun. Liðurinn hækkar einnig í takt við hærri launavísitölu. Fjárfestingartekjur hækka um 2.504 milljónir kr. frá árinu 2022 eða um 219,7%. Munar þar mest um gengismun vegna betri ávöxtunar á verðbréfamörkuðum. Fjárfestingagjöld hækka um 1,3% á milli ára. Stærsti hluti fjárfestingagjalda er umsýsluþóknun sem sjóðurinn greiðir til Arion banka en 40% af umsýsluþóknun er færð meðal fjárfestingagjalda. Önnur fjárfestingagjöld eru óveruleg. Rekstrarkostnaður hækkar á milli ára um 2,7 milljónir kr. eða 3,9%. 60% af umsýsluþóknun sem greidd er til Arion banka er flokkuð meðal rekstrarkostnaðar. Hækkunina má einnig rekja til hærri kostnaður vegna launa stjórnarmanna og þóknana til tryggingastærðfræðings.

Eignarhlutar í félögum og sjóðum hækkuðu um 1.320 m. kr. á milli ára eða um 16,8%. Mesta hækkunin var í erlendum hlutdeildarskírteinum sem hækkuðu um 1.298 m. kr. milli ára. Skuldabréfaeign sjóðsins hækkar um 662,7 milljónir milli ára eða 6,8%. Stærstu breytingarnar eru í ríkisbréfum sem hækka um 235,9 milljónir króna milli ára. Bankainnistæður sem eru flokkaðar meðal fjárfestinga hækka um 24,2 milljónir á milli ára eða 8,2%. Handbært fé breytist milli ára eftir innlausn eigna og þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðnum til boða hverju sinni. Ráðstöfunarfé til fjárfestinga jókst meira en fjárfestingar ársins og sökum þess hækkar handbært fé sjóðsins. Varðandi fjárfestingahreyfingar þá hefur sjóðurinn verið að fjárfesta meira á árinu en hann hefur selt. Keypt var fyrir 3 milljarð króna en selt fyrir 1,6 milljarða króna. Þegar tekið hefur verið tillit til afborgana og vaxta skuldabréfa og inn greiddra tekna eignarhluta þá eru útgreiðslur vegna fjárfestinga um 695 milljónir. Þar sem fjárfestingarhreyfingar ársins eru lægri en ráðstöfunarfé til fjárfestinga á árinu skilar það sér í hækkun á handbæru fé í árslok.

Engar fleiri spurningar komu fram eða athugasemdir gerðar við þennan lið.

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Rangæinga var borinn upp og samþykktur samhljóða.

Ávöxtun og þróun markaða 2023

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir þróun markaða á árinu 2023 samanborið við 2022. Ávöxtun 2023, nafnávöxtun 6,4% og raunávöxtun -1,4%. Meðalávöxtun sl. 27 ár var 2,9%. Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, fjárfestingastefna sjóðsins er enn tiltölulega varfærin. Hjörleifur fór yfir fimm stærstu eignir sjóðsins og sundurliðun á innlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Hjörleifur fór yfir markaðinn það sem af er ári 2024. Árið fer af stað með 1,2% raunávöxtun eignasafnsins, frá áramótum. Heldur meira að koma frá innlendum skuldabréfum og hlutabréfum en öðrum eignum.

Ekki komu fram fleiri spurningar eftir kynningu og yfirferð Hjörleifs.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram úttekt Bjarna Guðmundssonar tryggingafræðings sjóðsins fyrir árið 2023. Fór yfir almennar forsendur tryggingafræðilegrar úttektar og forsendur útreiknings og niðurstöður ársins fyrir sjóðinn.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru að raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega og að notast er við reiknilíkan Félags íslenska tryggingastærðfræðinga um lækkun dánartíðni til framtíðar.

Gert er ráð fyrir að lífslíkur sjóðfélaga og réttihafa hafi árið 2016 farið eftir þeim lífslíkum sem notaðar voru við tryggingafræðilega athugun síðasta ár.

Undir lok árs 2022 breytti stjórn sjóðsins ákvæðum um réttindaöflun til samræmis við þá breytingu á reikniforsendum sem áður er nefnd, þannig að jafnvægi náðist milli verðmætis iðgjalda og þeirra réttinda sem sjóðurinn veitir.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2023 kallast áfallnar skuldbindingar.

Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er áætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk eigna og skuldbindingar og mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum reiknast 37.566,6 milljónir kr. og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 44.895,7 milljónir kr. Eignir að frádregnum skuldbindingum reiknast því -2.012,1 milljónir kr., eða -4,5% af skuldbindingum.

Almenn ákvæði l. 129/1997 kveða á um að heimil séu 10% frávik fyrir stöðu á einstöku ári og 5% fyrir samfelldan mun í fimm ár. Staða sjóðsins er því innan þeirra marka sem áskilin eru í l. 129/1997.

Ekki komu fram spurningar eða umræður undir þessum lið.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Hjörleifur gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2024. Hann sagði frá vinnuferlinu, stefnan er tekin fyrir á þremur stjórnarfundum. Hjörleifur fór yfir þróun fjárfestingarstefnunnar síðustu árin og sagði það hafa verið skynsamleg áhersla hjá stjórn að hækka eignir sjóðsins í erlendum eignum.

5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins

Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri lagði fram og fór yfir hluthafastefnu sjóðsins og benti á að hana væri að finna á heimasíðu sjóðsins. Um er að ræða óbreytta stefnu frá fyrra ári. Þröstur fór yfir helstu þætti stefnunnar.

6. Gerð grein fyrir starfskjarastefna sjóðsins

Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins. Um er að ræða breytta stefnu frá fyrra ári. Sjóðurinn hefur ekki verið með starfsmann á síðustu árum, en nú í febrúar á þessu ári var gerð breyting á og framkvæmdastjóri er orðinn starfsmaður sjóðsins að hálfu og að hálfu hjá Arion banka. Stefnu var því breytt í þessu ljósi auk þess sem hún var yfirfarin með almennum hætti.

Stefnan var samþykkt á stjórnarfundum í apríl mánuði og kynnt og staðfest á fundi fulltrúaráðs í apríl sl.

7. Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna, samkvæmt samþykktum

Stjórnarkjör, Þröstur fór yfir tilnefningar og tillögur að kjöri stjórnarmanna af hálfu aðildarféлага.

Af hálfu SA liggur fyrir skipan á fulltrúum í stjórn sjóðsins.

Margrét Jóna Ísólfsdóttir er skipuð sem aðalmaður í stjórn til tveggja ára eða til ársfundar 2026. Drífa Hjartardóttir er sömuleiðis tilnefnd sem varamaður af hálfu SA til ársfundar 2026. *Fulltrúar atvinnurekenda á fundinum staðfesta þessa skipan.*

Þess má geta að Guðmundur Svavarsson var skipaður aðalmaður í stjórn, af hálfu SA, á síðasta ársfundi til tveggja ára eða til ársfundar 2025.

Af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands og Félags iðn- og tæknigreina liggur fyrir tillaga um að Hilmar Harðarson verði kjörinn aðalfulltrúi í stjórn sjóðsins til ársfundar 2026. Ekki komu fram aðrar tillögur. *Fulltrúar verkalýðsfélaganna samþykktu þessa tillögu samhljóða.*

Sömuleiðis liggur fyrir að Ástþór Jón Ragnheiðarson var kjörinn varamaður í stjórn á síðasta ársfundi til tveggja ára eða til ársfundar 2025.

Launanefnd

Af hálfu SA er lagt til að Óskar Pálsson verði skipaður í launanefnd til tveggja ára.

Tillagan er samþykkt af hálfu fulltrúa SA á fundinum.

Af hálfu VlfS er lagt til að Guðrún Elín Pálsdóttir, til tveggja ára, og Kristján Pálmason, til eins árs, verði kjörin í launanefnd sjóðsins.

Tillaga er samþykkt af hálfu fulltrúa verkalýðsfélaganna.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Þröstur fór yfir þær tillögur sem liggja fyrir.

Tillögurnar voru staðfestar af fulltrúaráði á fundi þann 24. apríl 2024 og voru sendar til aðildarféлага til kynningar. Hafa legið frammi til kynningar fyrir sjóðfélaga á heimasíðu og skrifstofu sjóðsins.

Grænlistað er nýtt texti. Rauðlistaður og yfirstrikaður texti fellur út.

Eftirfarandi breytingar á samþykktum eru lagðar til nú :

Grein 5.8 Dagskrá ársfundar

Á dagskrá skulu vera eftirtaldir dagskrárliðir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins.
6. Gerð grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins.
7. Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna samkvæmt samþykktum sjóðsins.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. greinar.
9. Laun stjórnarmanna.
10. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
11. [Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd, ef við á.](#)
12. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Liður 6 fellur út þ.e. yfirferð starfskjarastefnu. Nýr liður um kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd kemur inn.

Grein 7.4

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár. **Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga.** Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykta, hlutfallslega jafnmikið.

Ný grein 7.4

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár. **Komi til lækkunar áunninna réttinda skal** lækkunin gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykta, hlutfallslega jafnmikið.

Grein 11.7

Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:

- a. [Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipa greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.](#)

- b. Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Þessi ákvörðun skal tekin áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og þá háð því, að sjúkdómar eða heilsufar sjóðfélaga hafi ekki dregið úr lífslíkum. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
- c. ~~Þannig~~ Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi, skuli u allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ~~ellilífeyris~~ réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar og viðbótartryggingarverndar ~~ellilífeyris~~ skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Örorku- og makalífeyrisréttindi sjóðfélagsins taka eftir sem áður mið af óskiptum iðgjaldsstofni. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.

Ný grein 11.7

Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:

- a. Áð ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipa greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.
- b. Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
- c. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli u allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar og viðbótartryggingarverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

Grein 19.3

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá. Ellilífeyri greiðist fyrir heila mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímenn. Þó er heimilt að greiða ellilífeyri fyrir sama mánuð og umsókn berst sjóðnum. Síðasta greiðsla elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri er greidd fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímenn en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. ~~Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist frá upphafi næsta mánaðar eftir að umsókn berst sjóðnum. (Ákvæði lokamálsliðar þessarar greinar tiki gildi þann 1. janúar 2007.)~~

Ný grein 19.3

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá. Ellilífeyri greiðist fyrir heila mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Þó er heimilt að greiða ellilífeyri fyrir sama mánuð og umsókn berst sjóðnum. Síðasta greiðsla elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri er greidd fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur.

Orðið var gefið laust um fyrirleggjandi tillögur.

Vel framsett, og aðrir sjóðir hafa verið að gera sambærilegar breytingar. Sagði Arnar á Teams.

Ekki komu fram spurningar varðandi tillögur um breytingu á samþykktum sjóðsins. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarmanna um að bera upp tillögurnar í heilu lagi. Engar athugasemdir komu fram.

Tillögurnar um breytingar á samþykktum sjóðsins voru bornar upp og samþykktar með megin þorra atkvæða, enginn greiddi atkvæði á móti.

9. Laun stjórnarmanna

Þröstur kynnti fyrirleggjandi tillögu frá launanefnd sjóðsins. Lagt er til að laun hækki um 3,25% fyrir næsta starfsár. Tillaga launanefndar um laun stjórnar LR, fyrir tímabilið júní 2024 til og með maí 2025, er því eins og kemur fram hér að neðan :

Laun stjórnarmanna

Almenn stjórnarlaun verði kr. 124.485 kr. á mánuði (hækking um 3,25%).

Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 155.606,- á mánuði.

Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 186.728,- á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. 62.242,- fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að loknu útboði og að fengnu álitum endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Jóhann Óskar Haraldsson, löggildur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði kjörinn endurskoðandi sjóðsins árið 2024.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.
Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

Í ljósi breyttra laga og reglna um kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd þá er nauðsynlegt nú að bera upp tillögu á ársfundi um skipan nefndarinnar fyrir næsta starfsár. Það er tillaga stjórnar að nefndin verði óbreytt frá fyrra ári og þess má geta að allir nefndarmenn teljast utanaðkomandi.

Tillagan er sú að Jón H. Sigurðsson, Guðmundur Einarsson og Heimir Hafsteinsson skipi endurskoðunarnefnd sjóðsins fyrir komandi starfsár. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Arnar Sigurmundsson óskaði nýjum stjórnarmanni til hamingju með kjörið, mikill fengur að fá Hilmar í stjórn.

Arnar sagði frá fyrirhuguðum samráðsfundi ASÍ og SA sem haldinn verður mánudaginn 27. maí nk. Þar verða til umfjöllunar tvö stór mál, endurskoðun á örorkulífeyri í almannatryggingakerfinu og umfjöllun um tilgreinda séreign.

Kynntar verða tillögur að breytingum á örorkulífeyrirluta almannatryggingakerfisins, gert er ráð fyrir umræðu um þær. Ef af verður mun þetta kalla á einhverjar breytingar hjá sjóðunum. Gert er ráð fyrir að breytingar taki ekki gildi fyrr en eftir rúmt ár. Tilgreind séreign, þýsk tryggingafélög hafa verið að sækja í og bjóða upp á þennan kost. Það gilda ákveðin lög og reglur um tilgreinda séreign sem sjóðirnir þurfa að fara eftir. Umhverfi þýsku félaganna er annað og ekki í samræmi við þau lög sem gilda hér. Farið verður yfir þetta málefni frekar á fundinum.

Arnar sagði frá samanburði hans á helstu tölum þeirra 7 sjóða sem eru innan vébanda ASÍ og SA. Það er tvennt gott hjá Lífrang, það er fjölgun sjóðfélaga og lág lífeyrisbygði, en hið neikvæða er ávöxtunin og rekstrarkostnaður er meiri hjá minni sjóðum.

Hjörleifur fór yfir glæru um áhrif málefna ÍL sjóðs.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður einnig birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Heimir þakkaði fyrir samstarfið á liðnum árum, gott samkomulag og góður starfsandi í stjórninni. Hann óskaði núverandi stjórn velfarnað. Heimir sagði að frá því að frá því hann byrjaði í stjórn sjóðsins þá hafi sjóðurinn, eignasafnið, þrefaldast.

Fundarmenn þökkðu Heimi fyrir hans góða starf í stjórn sjóðsins.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:25.

Fundarstjóri: Heimir Hafsteinsson

Fundarritari: Unnur Elín Jónsdóttir